



22. október 2016

Borgarfjarðarhreppur  
Hreppsstofa  
720 Borgarfjörður

## SÝNATÖKUSKÝRSLA

Staður eftirlits: Brandsbalar, urðunarstaður í Borgarfirði eystri  
Dags. eftirlits: 20.9.2016  
Tílefni eftirlits: sýnataka  
Heilbrigðisfulltrúi: Helga Hreinsdóttir og Lára Guðmundsdóttir

Sýni voru tekin skv. samkomulagi sveitarfélagsins og HAUST. Í fylgd með starfsmönnum HAUST var Jón Þórðarson, sveitarstjóri.

Sýni voru tekin milli kl. 10:30 og 11:00 og þeim komið til Reykjavíkur með flugi tímanlega til að unnt væri að taka þau til rannsókna hjá MATÍS innan 24 klst frá sýnatöku.

Sýnin voru tekin á sömu stöðum og árin 2014 og 2015, þ.e. úr brunni í skurði ofan urðunarstaðar og úr læk neðan við sýnatökubrunn neðan urðunarstaðarins, enda var brunnurinn enn einu sinni þurr.

Myndin sýnir sýnatökuaðstöðu ofan urðunarstaðar. Mynd sem fylgir sýnatökuskýrslu 2015 sýnir vel aðstæður neðan urðunarstaðarins, þar sem brunnur er þurr, en lækur rennur skammt frá.



**Niðurstöður mælinga** eru samanteknar hér að neðan fyrir árin 2014, 2015 og 2016. Rannsóknaniðurstöður frá rannsóknastofum fylgja eða hafa þegar verið sendar.

		brunnur ofan haugs B1	lækur neðan haugs* B2	brunnur ofan haugs B1	lækur neðan haugs* B2	brunnur ofan haugs B1	lækur neðan haugs* B2
		sýni tekin 7.5.2014		sýni tekin 9.9.2015		sýni tekin 20.9.2016	
<b>Vatnsmælingar</b>		ofan	neðan	ofan	neðan	ofan	neðan
<b>hæð grunnvatnsborðs</b>			*	34 cm	*	0 cm	*
rennsli	l/sek		ca 5	0,5-1	1,2-2	ca 1	-
COD	mg/l	<10	<10	<10	<10	<10	<10
NH4+	mg/l	<0,050	0,05	<0,050	<0,050	<0,050	<0,050
leiðni	uS/cm	72	94	100	120	100	120
pH		6,80	7,50	6,65	7,85	6,65	7,60
hitastig	°C	3	3	4,4	10,3	4,8	4,2
Pb	ug/l	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5	<0,5
Hg	ug/l	<0,02	<0,02	<0,02	<0,02	<0,02	<0,02
Cd	ug/l	<0,05	<0,05	<0,05	<0,05	<0,05	<0,05
AOX	mg/l	<0,01	0,014	<0,01	<0,01	0,012	<0,010
NO3-	mg/l	<2,00	<2,00	<2,0	<2,0	<2,00	<2,00
PO4+		<0,040	<0,040	<0,04	<0,04	<0,040	<0,040
Sn (árið 2016 Zn)		<0,5	<0,5	<0,5	<0,5	<4	<4
olia/fita						<0,10	<0,10
tot ext aliphates	mg/l	<0,10	<0,10			<0,10	<0,10
unpolar aliphates	mg/l	<0,10	<0,10			<0,10	<0,10
tot ext aromates	mg/l	<0,10	<0,10			<0,10	<0,10

Aths.

Í öllum tilfellum hefur brunnur neðan urðunarstaðarins verið þurr og sýni því tekið út læk sem rennur skammt frá

Árið 2015 láðist að óska eftir rannsókn á oliu/fitu

Árið 2016 var óskað eftir rannsókn á Sn, af einhverjum orsökum hefur rannsóknastofan mælt og sent niðurstöður fyrir Zn.

mælt hjá ALS

mælt hjá MATÍS

tölur frá HAUST

## Til umhugsunar

Sýni hafa nú í þrjú ár verið tekin af vatni ofan og neðan urðunarstaðarins.

Ofan svæðisins hefur verið grafinn skurður til að leiða ofanvatn norður fyrir urðunarstaðinn. Niðurstöður rannsókna sýni mikinn stöðuleika í því vatni.

Grófarlækur, sem tekur við ofanvatninu frá skurðinum liggur norðan við urðunarstaðinn og rennur síðan rétt neðan við sýnatökubrunn sem grafinn var neðan urðunarstaðarins en hefur alltaf verið þurr.

Sýni úr Grófarlæknum virðast einnig mjög stöðugt og í flestum tilfellum mjög nálægt gildum þeim sem einnig mælast í vatni ofan urðunarstaðar.

### Niðurlag

Reikningur vegna útlagðs kostnaðar vegna sýnatökunnar hefur þegar verið sendur sveitarfélaginu skv. upplýsingum um kostnað rannsóknastofu.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna skýrslunnar, sem og ef viðtakendur hafa ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,



Helga Hreinsdóttir,  
Heilbrigðisfulltrúi

Skýrsla þessi er eingöngu send í tölvupósti og af einnig í tölvupósti sent til Umhverfisstofnunar skv. ósk sveitarfélagsins. Með skýrslunni eru einnig send niðurstöðublöð frá rannsóknastofum.